



Fundargerð

281. fundur atvinnu- og hafnarráðs Reykjaneshafnar
haldinn á skrifstofu Reykjaneshafnar að Víkurbraut 11
14. desember 2023, kl. 16:00

Viðstaddir: Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður, Alexander Ragnarsson, Kristján Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson.

Að auki sat fundinn Halldór Karl Hermannsson sviðsstjóri atvinnu- og hafnarsviðs og fulltrúi ungmennaráðs Reykjaneshafnar, Mikael Máni Hjaltason ásamt Ólafi Berg Ólafssyni umsjónarmanni ungmennaráðs.

Úlfar Guðmundsson boðaði forföll.

* * *

Áður en gengið var til dagskrár bauð Hjörtur Magnús Guðbjartsson formaður Mikael Mána Hjaltason nýkjörinn fulltrúa ungmennaráðs í atvinnu- og hafnarráði velkominn til starfa.

1. Fjármál Reykjaneshafnar (2023120147)

Reykjaneshöfn er með yfirdráttarheimild hjá viðskiptabanka hafnarinnar upp á 20 milljónir króna sem rennur út þann 4. janúar n.k.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir að óska eftir því við viðskiptabanka hafnarinnar að núverandi yfirdráttarheimild verði framlengd til 4. janúar 2025.

2. Starfsáætlun ársins 2024 (2023110335)

Farið var yfir starfsáætlun atvinnu- og hafnarsviðs fyrir árið 2024.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrirbyggjandi starfsáætlun.

3. Gjaldskrá Reykjaneshafnar 2024 (2023120148)

Farið var yfir drög að gjaldskrá Reykjaneshafnar vegna ársins 2024. Breytingar frá núverandi gjaldskrá byggjast á þróun á einstökum vísitölum og kostnaðarhækkunum.

Atvinnu- og hafnarráð samþykkir fyrirbyggjandi drög að gjaldskrá Reykjaneshafnar vegna ársins 2024 og að gjaldskráin taki gildi 01.01.2024.

4. Atvinnustefna Reykjaneshafnar (2023020501)

Farið var yfir stöðuna á vinnu við atvinnustefnu Reykjaneshafnar.

5. Fiskistofa – sérstakt strandveiðigjald (2023120150)

Bréf Fiskistofu dags. 24.11.23 þar sem tilkynnt er hver hlutur Reykjaneshafnar er í sérstöku strandveiðigjaldi sem innheimt er af strandveiðibátum ár hvert.

Atvinnu- og hafnarráð fagnar því að þessi tekjustofn hefur margfaldast milli ára sem gefur von um betri tíð í framtíðinni.

6. Skemmtiferðaskip (2023050186)

Lögð fram greinargerð Cruise Iceland vengja vinnu starfshópa að aðgerðum í aðgerðaáætlun ferðamálastefnu 2030. Einnig var lögð fram niðurstaða könnunar Faxaflóahafna meðal farþega skemmtiferðaskipa sumarið 2023.

7. Grófin – forkynning (2021090502)

Gunnar Kr. Ottósson skipulagsfulltrúi mætti á fundinn undir þessum dagskrárlið. Fór hann yfir forkynningu sem Reykjanes Investment ehf. hefur unnið vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar þeirra við Grófina.

Atvinnu- og hafnarráð þakkar Gunnari fyrir hans yfirferð en bendir jafnframt á að ósamræmi er í þeim gögnum sem lögð hafa verið fram og snúa að hafnaraðstöðunni í Gróf. Atvinnu- og hafnarráð samþykkir ekki að viðkomandi uppbygging nái inn á hafnarsvæðið í smábátahöfninni í Gróf ef hún skerðir viðleguhæfi hafnarinnar eða þjónustugetu hennar. Atvinnu- og hafnarráð óskar því eftir að frekari gögn verði lögð fram sem sýna fram á að svo sé ekki áður en ráðið tekur afstöðu til viðkomandi hugmynda um uppbyggingu á svæðinu.

8. Mælaborð atvinnu- og hafnarsviðs (2023050188)

Sviðsstjóri fór yfir mælaborð atvinnu- og hafnarsviðs.

9. Upplýsingagjöf sviðsstjóra (2023020513)

Sviðsstjóri fór yfir stöðu ýmissa mála er varða starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:30.